

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

- bls. 4-5
Viðtal við
Gylfi Magnússon
dósent

- bls. 8
Mikil tímamót
framundan
hjá KR

Menntabúðir í Vesturbænum



Frá menntabúðum í Vesturbænum.

Menntabúðir voru haldnar í Vesturbæjarskólanna, Grandaskóla, Hagaskóla, Melaskóla og Vesturbæjar-skóla um miðjan febrúar.

Á Menntahraðstefnumóti kynntu kennarar úr skólunum meðal annars teymiskennslu, áhuga- og verkefnaþátt nám, hugsandi kennslurými í stærðfræði, jákvæða sálfræði í skólastarfi, vísindakennslu,

ljósmyndaverkefni, ferðaskrifstofuverkefni og matreiðslukeppni og margt fleira. Markmið menntabúða er að miðla þekkingu og reynslu á jafningjagrundvelli, bjóða upp á tækifæri til að prófa og tileinka sér nýjungar, efla tengslanet og eiga samtal um skólamál. Menntabúðirnar verða vonandi að árlegum viðburði til að styrkja tengsl og efla fagmennsku í Vesturbænum.



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Netverslun:
systrasamlagid.is

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

TRÍÓ
PIZZUR MÁNADARINS



DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



Er **febrúar** þinn skoðunarmánuður?
Verið velkomin á **Grandann**



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

Úrval, gæði,
þjónusta!

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

2. tbl. 26. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Sjálfstæðishúsið við Austurvöll endurgert



Svona sjá arkitektar fyrir sér að verði umhorfs í endurgerðum sal. Mynd THG Arkitektar.

Lokið er við að endurgera Sjálfstæðishúsið eða Sigtún og Nasa við Austurvöll eins og húsið hét síðar en það var upphaflega byggt 1878 sem kvennaskóli. Burðarvirki þess var endurbætt en klæðningin er að mestu upprunaleg. Húsinu var lyft, kjallarinn dýpkaður var hlaðinn sökkull undir því tekinn og síðan endurraðað nákvæmlega eins aftur.

Salurinn sem áður hósti Sjálfstæðishúsið og síðar

Sigtún og Nasa var færður niður um eina hæð og er gengið inn á palli fyrir ofan. Salurinn var einnig endurbyggður þar sem stuðst var við þann búning sem Sjálfstæðishúsið var í. Salurinn stendur á púðum inn í heildarmannvirki og því raunverulega hljóðeinangraður til að ómur af tónist trufli ekki gesti nærliggjandi hótels. Salurinn er friðaður og öll skilyrði varðandi friðun voru uppfyllt.

Einimelslóðirnar

Borgin fær tæpar 68 þúsund krónur fyrir fermetrann



Hjólavöllur á Sundlaugartúninu. Til hægri má sjá girðinguna sem stúkað hefur af hluta af borgarlandinu á túninu. Þessi girðing verður fjarlægð.

Eigendur Einimels 18, 24 og 26 munu greiða að meðaltali 67.897 krónur á fermetra til borgarinnar fyrir stækkun á lóðum þeirra við Sundlaugartún. Áætlað er að borgin fái samtals um sextán milljónir í sinn hlut í viðskiptunum. Þetta kemur fram í fylgiskjöllum með þar sem tillaga að deiliskipulagi umræddra fasteigna var tekin fyrir og samþykkt. Deiliskipulaginu er ætlað að leysa úr langvarandi deilum um eignarhald á túninu. Á sínum tíma reistu eigendur húsa við Einimel 22 til 26 girðingu við lóðir sínar sem ganga að verulegu leyti inn á almannarými.

Borgarstjórn hefur sætt gagnrýni vegna ábendinga um að lóðarhafar einbýlishúsa að Einimel 22, 24 og 26 hafi teygt lóðir sínar í leyfisleysi út á túnið og sett upp

girðingar. Voru þá uppi ásakanir um að borgin hefði í reynd gefið þessum lóðareigendum stóra landeign án endurgjalds. Í hinu nýja deiliskipulagi er um að ræða lausn á áralöngum deilum. Deiliskipulagið felur í sér að eigendum einbýlishúsa við Einimel 18 til 26 er boðið að kaupa hluta af því svæði sem um ræðir og lóðirnar stækkaðar til samræmis við það. Lóðarhafar Einimels 18, 24 og 26 hafa gengið að tilboði Reykjavíkurborgar. Samkvæmt skipulagstillögunni sem samþykkt hefur verið verður þeim heimilt að færa gildandi lóðamörk út um allt að 3,1 metra. Samhliða því verður girðing sem stendur lengra inn á borgarlandið, eða allt að 14 metrum, fjarlægð.

Tryggt til framtíðar

Tímamót urðu hjá KR í liðinni viku. Félagið varð 124 ára. Þótt ártalið feli ekki stór tímamót í sér þá er fleira að gerast hjá félaginu um þessar mundir.

Nú sér undir lok á löngu og miklu undirbúningsferli að breyttri og stórbættri að stöðu hjá KR-ingum. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir hefjist innan tíðar.

Með þeim framkvæmdum sem eru fyrirhugaðar verður gjörbylting á starfsaðstöðu KR. Hún hefur verið bágborin þar sem fátt hefur verið endurnýjað eða byggt í fjölda ár.

Gengi KR á íþróttasviðinu mætti vera betra en það hefur reynst vera að undanförmu. Kunnugir telja að aðstöðuleysið geti átt sinn þátt í því.

Fagna ber þeirri ákvörðun að nútímavæða rekstrargrundvöll félagsins. Bygging íbúðarhúsnæðis og þjónusturýma í tengslum við ný íþrótt- og félagsmannvirki er liður í því.

Á þeirri einni og kvartöld sem félagið hefur starfað hefur það verið drifjöður í íþróttalífi Vesturbæjarins.

Margt fólk hefur alist upp innan félagsins sem skipað hefur stóran sess í lífi þess. Einu sinni KR-ingur ætíð KR-ingur hefur oft verið sagt og rætt fyrir munn margra.

Með þeirri uppbyggingu sem nú er við bæjardyrnar mun framtíð þess starfs verða tryggð um framtíð. KR-ingar geta fagnað.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Viltu vinna hjá Umhverfisfyrirtæki ársins í sumar?

Þökk sé hreinni íslenskri orku skilur álið okkar eftir sig eitt minnsta kolefnisspor í heimi. Framtíðin er spennandi í álframleiðslu á Íslandi og mun framþróun grænnar álframleiðslu hafa raunveruleg áhrif á útblástur gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu.

Við erum að leita að metnaðarfullu og duglegu fólki af öllum kynjum í fjölbreytt og vel launuð störf. Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi í nágrenni Reykjavíkur. Velkomin í hópinn!

Nánari upplýsingar á nordural.is

Hreint ál úr íslenskri orku



2022

UMHVERFISVERÐLAUN
ATVINNULÍFSINS



Íbúð seld fyrir 416 milljónir við Vesturvin



Vesturvin er á gamla Héðinssvæðinu og í mikilli nánd við gömlu höfnina og athafnabyggðin í Örfirisey.

Pakíbúð í nýja hverfinu við Vesturvin var seld á 416 milljónir króna á dögunum. Er þetta fyrsta íbúðin sem selst. Hún seldist strax á fyrsta degi og á uppsettu verði. Óalgengt er að íbúðir seljist á þessu verði her á landi. Síðasta sumar greiddi félagið Dreisam 620 milljónir fyrir pakíbúð og tvö bílastæði í Austurhöfn en Jónas Hagan Guðmundsson er skráður eigandi þess. Það var sögð dýrasta íbúðin sem selst hefur á Íslandi. Þá seldist pakíbúð í Skuggahverfinu á 365 milljónir sumarið 2021.

Laufskáli við Grund



Heldri borgarar gera sér glaðan dag á Grund.

Eigendur hjúkrunarheimilisins Grundar hafa hug á að reisa laufskála sunnan aðalbyggingar heimilisins við Hringbraut. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur hefur tekið jákvætt í ósk hjúkrunarheimilisins um að fá að reisa skálann. Skálinn hefur þegar fengið jákvæða umsögn Minjastofnunar. Bygging Grundar er friðuð samkvæmt rauðum flokki en honum tilheyra einstök hús, húsaraðir eða götumyndir með varðveislugildi. Byggingin stendur á lóð nr. 50 við Hringbraut var reist í áföngum á árunum frá 1929 til 2005. Laufskálinn mun auka á möguleika heimilisfólks til lífsgæða og útíveru.

Um 180 íbúðir í fyrstu á Heklureitnum

- alls munu verða um 440 íbúðir þegar framkvæmdum lýkur



Tölvugerð mynd af fyrstu tveimur húsunum á Heklureitnum. Mynd Teiknistofa Arkitektar og TGH Arkitektar.

Gert er ráð fyrir um 180 íbúðum í tveimur fyrstu áföngunum á Heklureitnum en í allt verða þar um 440 íbúðir. Niðurrif bygginga á horni Laugavegar og Nóatúns er hafið en þar rísa tvö fyrstu fjölbýlishúsín. Miðað við að meðalsöluverð íbúðar verði um 80 milljónir söluverðmæti íbúða á reitnum mun verða um 35 milljarðar króna. Reiturinn er kenndur við starfsemi bílaumboðsins Heklu. Áformað er að hefja sölu íbúða á Heklureitnum í Reykjavík sumarið 2025.

Leiguíbúðir verði í hluta bygginganna. Íbúðirnar verða allt frá 48 fermetra stúdíó íbúðum upp í allt að 130 til 140 fermetra íbúðir á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir að þjónusta og verslun verði á jarðhæðum húsanna sem snúa að Laugavegi. Þá verður gönguás lagður milli húsanna og tvöfaldur bílakjallari verður undir þeim með um 350 stæðum. Borgarlínan muni liggja skammt frá húsunum við Laugarveg og því stutt í almenningssamgöngur.

Nýr Landsspítali

Steypuvinna nánast á áætlun



Séð yfir byggingu meðferðarkjarna nýs Landsspítala.

Um 55 þúsund rúmmetrar af steypu og ellefu þúsund tonn af bendistáli fara í meðferðarkjarna nýs Landspítala. Verkið er á áætlun þótt erfitt hafi orðið að fá stál í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu en nánast allt bendistál í bygginguna kemur frá Hvíta Rússladi (Belarus).

Verkið við uppsteypuna er ekki langt frá fjárhagsáætlun. Þótt verð á stáli hafi hækkaði vegna stríðsins í Úkraínu hefur sú hækkun að einhverju leyti gengið til baka. Mestu vetrarkuldar og snjócoma í Reykjavík í rúma öld hafa ekki tafið steypuvinnuna.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali

SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED «SIDE» PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Arcus kaupir Alliance húsið

- hyggst reisa hótélbyggingu á lóðinni



Alliance reitur. Nýbyggingar eru hugsaðar fyrir framan húsið.

Borgarráð hefur samþykkt að selja Arcusi ehf. Allianc-húsið á Grandagarði fyrir 880 milljónir króna. Með í kaupunum fylgir réttur til uppbyggingar á lóðinni.

Arcus, sem er hluti af samstæðu ÞG-verktaka áformar að reisa á lóðinni Hótel Jón forseta,

íbúðarhús og koma upp saltfisksetri í Alliance-húsinu. Grandagarður 2, Alliance-húsið, var friðað af menntamálaráðherra í febrúar 2010 og nær friðunin til ytra borðs aðalhúss. Húsið er úr steinsteypu og byggt á árunum 1924 til 1925 eftir teikningum Guðmundar H.

Þorlákssonar húsameistara. Það er talið hafa mikið byggingarlistarlegt gildi sem dæmi um glæsilegt höfundarverk Guðmundar. Alliance húsið var byggt sem fiskvinnslu- og geymsluhúsnæði.



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



Þínir menn í Vesturbænum

Ertu í hugleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur óskráðra eigna** sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

- Góð þjónusta
- Fagljósmyndun
- Sanngjörn sölubóknun

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lökk, fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Gunnar

S. Jónsson

lökk, fasteignasali

Sími: 899 5856

gunnar@miklaborg.is

KR 124 ára

Mikil tímamót framundan með nýrri aðstöðu

Fimmtudaginn 16. febrúar voru 124 ár liðin frá stofnun Knattspyrnufélags Reykjavíkur eða KR. Af því tilefni var opið hús á afmælisdaginn í Félagsheimili KR þar sem kaffi og afmæliskökur voru á boðstólum. Félagið var gert að fjölgreina íþróttafélagi árið 1923 eða fyrir 100 árum. Þá tóku nefndir til starfa innan þess til þess að sjá um rekstur einstakra íþróttagreina. Sunddeildin er elst þeirra eða rétt 100 ára og KR Konur sem er sterkasta stoðdeild félagsins er 50 ára. Yfir 30 manns hafa verið gerðir heiðursfélagar KR í gegnum tíðina og eru þrír þeirra á lífi í dag. Þeir eru Sveinn Jónsson, Guðjón Guðmundsson og Ellert B. Schram. Lúðvík S. Georgsson er formaður KR í dag.

Önnur tímamót eru hjá KR en 124 ára afmælið. Von bráðar munu hefjast framkvæmdir við íþróttavöll, fjölnota íþróttahús og aðra aðstöðu félagsins í Kaplaskjólí í Vesturbænum. Aðstöðuleysi hefur háð félaginu um lengri tíma og fáum blandast hugur um að það er farið að hafa áhrif á starfsemi þess. Undirbúningur að framkvæmdum á KR svæðinu hefur staðið yfir um nokkurn tíma og vonir standa til að þær geti hafist innan skamms. Þessar framkvæmdir verða þær umfangsmestu í sögu félagsins. Kostnaðaráætlun og útboðsgögn eru þegar tilbúin en bíða aðeins samþykkis borgarráðs. Forráðamenn KR telja lyklatríði að þessar framkvæmdir fari af stað sem fyrst því aðstöðuleysið sé með ólíkindum.

Íbúðir og þjónusturými

Eitt af því sem verið er að vinna að er að nútímavæða rekstrargrundvöll félagsins. Verður það gert með umfangsmiklum framkvæmdum til hliðar við byggingu íþróttamannvirkjanna. Við völlinn verða byggðar íbúðir og einnig þjónusturými en lengi hefur verið í umræðunni að KR-ingar séu langt á eftir þeim félögum sem þeir eru að keppa við þegar kemur að endurnýjun á aðstöðu. KR-ingar stefna að því að kveðja heimavöll sinn í núverandi mynd eftir næsta tímabil. Meðan á framkvæmdum mun standa hyggjast þeir leika heimaleiki sína til bráðabirgða á gervigrasvelli sínum á svæðinu og þurfa því ekki að finna sér tímabundið heimili annars

staðar. Menn sjá fyrir sér að koma upp aðstöðu við gervigrasvöllinn. Utan á knattúsinu kæmi þá stúka sem yrði bráðabirgða- eða varanleg stúka. Svo yrði líklega sett upp bráðabirgðastúku við bílastæðið fyrir aftan. Reykjavíkurborg sér um byggingu á sérstöku knattúsi þar sem hálfur fótboltavöllur rúmast, húsi sem er í svipuðum stíl og það sem var byggt á svæði ÍR-inga í Mjódd. Við það verður svo sérstök tengibygging. Alls er gert ráð fyrir að 32 þúsund fermetra auknu byggingamagni á svæðinu.

Virðisaukinn rennur til íþrótt- og æskulýðsstarfs

Gert ráð fyrir að knattspyrnurvellinum verði snúið frá því sem nú er. Þá er gert ráð fyrir stúku við völlinn, 50x70 metra yfirbyggðu knattúsi, auk margvíslegra bygginga sem bæði er hugsaðar sem íbúðir, félagsaðstaða fyrir KR sem og ýmiskonar þjónusta fyrir hverfið. Flestir virðast sammála um að þörf sé á uppbyggingu á svæðinu þar sem síðasta mannvirkið var reist árið 1999. Nokkrar áhyggjur hafa þó komið fram vegna þess byggingamagns sem fyrirhugað er og spurningar vaknað hver sé þörf á að byggja íbúðir á íþróttasvæði KR. Reykjavíkurborg og KR eru sammála um að virðisaukinn sem kunni að verða til vegna aukins byggingamagns skuli renna til uppbyggingar fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf í Vesturbæ á vegum KR.



KR svæðið eins og það lítur út í dag.



KR svæðið eins og ráðgert er að það muni líta út.

Arna

ís- og kaffibar

Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi




Hugmynd að nýrri göngugötu í Miðborginni.

Skoðaða nýja göngugötu í miðbænum

Fasteignafélagið Eik skoðar nú möguleika á að opna nýja gönguleið með innigörðum á milli Austurstrætis, Hafnarstrætis og Tryggvagötu þar sem Landsbankinn hefur verið til húsa.

Eik á nú í þróunarvinnu vegna húsnæðis í Kvosinni sem Landsbankinn flytur senn úr. Eik er nú með til skoðunar hvernig skrifstofuhúsnæði í Kvosinni sem leigt hefur verið til Landsbankans verði nýtt til framtíðar

þegar Landsbankinn flytur í nýjar 16.500 fermetra höfuðstöðvar við Austurbakka. Í uppgjöri Eikar kemur fram að þróunarvinna standi yfir þar sem líkur séu á að nýtingu eignanna verði breytt. Nokkrir möguleikar komi til greina en þörf sé á að fá leyfi frá Reykjavíkurborg á endanlegri tillögu. Meðal þess sem kemur til greina er að opna gönguleiðir milli bygginganna sem fyrr greinir.



FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK

Lítil bók um stóra hluti

Sunnudaginn 26. febrúar kl. 14
mun Þórunn Valdimarsdóttir flytja erindi í guðspjónustu um „stóra hluti“ byggða á nýútkominni bók hennar.

Tónlist er í höndum Gunnars Gunnarsson, hljómsveit og sönghópi kirkjunnar.

Prestur er Dr. Sigurvin Lárus Jónsson.



Við eigum frábært úrval af skóm fyrir þig
Stærðir 37-42



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is



„Kraftur og fjölskyldan mín hafa komið mér í gegnum þetta“

Kolluna upp fyrir **mig**, stelpukraft og **fjölskylduna!**

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Kaupum kolluna á fjoldernuna.is

KRAFTUR **K**

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun.

Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.



- » Þarf stærri heimaug?
- » Hvaða lausn hentar best?
- » Er kerfið búið álagasstyrkingu?
- » Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtukerfi?

EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignaumsjon.is | eignaumsjon.is

Emilia Telese vill opna gististað við Barónsstíg



Húsið við Barónsstíg 24 þar sem Emilia ætlar að opna gististað.

Ítalska listakonan Emilia Telese hefur sent skipulagsfulltrúa Reykjavíkur fyrirspurn um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. 24 við Barónsstíg. Málið var tekið fyrir á afgreiðslufundi á dögunum.

Skipulagsfulltrúi taldi að ekki yrðu gerðar skipulagslegar athugasemdir varðandi veitingu rekstrarleyfis þar sem það samræmist gildandi aðalskipulagi. Um er að ræða tvíbýlishús, tvær hæðir og ris, byggt árið 1920. Íbúð er á efri hæð og húsinu fylgir bílskúr sem byggður var árið 1950. Emilia Telese er fædd í Sarno á Ítalíu 1973 og er vel þekkt fyrir list sína víða í Evrópu. Hún er með starfsstöðvar í Englandi og á Ítalíu og síðast en ekki síst í Reykjavík.



Emilia Telese.

Dómkirkjan

Dásamleg og dýrmæt messa



Á myndinni eru Elínborg Sturludóttir, Thor Aspelund, Ástbjörn Egilsson, Hrönn Marinósdóttir, Árni Árnason, Einar Gottskálksson, Hermann Sveinbjörnsson, Oddur Björnsson, Kristín Arngrímsdóttir, Helga Hjálmtýsdóttir og Karl Sigurbjörnsson.

Karl Sigurbjörnsson biskup fagnaði 50 ára vígsluafmæli sínu með messu í Dómkirkjunni 5. febrúar sl. Kirkjugestir létu veðrið ekki stöðva sig. Þrátt fyrir storm og mikla úrkomu þá flyktist fólk til messu.

Að vanda mæltist honum hið besta og vakti söfnuðinn til umhugsunar með myndrænum líkingum og beinskeyttum athugasemdum í bland við gamanyrði og hnittni sem lét engan ósnortinn. Persóna og boðskapur sr. Karls er

landi kirkju og þjóð sannkallaður sálusjóður á óvissutímum er æ fleiri velkjast í vafa og leita styrks og stoða. Að lokinni messu var messukaffi þar sem Einar S. Gottskálksson formaður sóknarnefndar hélt ræðu og þakkaði Karli fyrir allt það góða sem hann hefur unnið á akri Drottins. Kærleiksrík stund og gott samfélag.

Fimmtudaginn 16. febrúar ætlar hópur frá Seltjarnarneskirkju að koma í heimsókn í safnaðarheimili Dómkirkjunnar, þar mun Hjördís

Geirs skemmta með söng og gleði. Laugardagskvöldið 18. febrúar er viðburður þar sem Dómkórinn og Apparat Organ Quartet flytja veraldleg og andleg verk, hvort í sínu lagi og sameinast í lokin. Guðsþjónustur, kyrrðarstundir, örgöngur, tíðasöngur, kvöldkirkja, Bach tónleikar og opna húsið. Vert er að fylgst með á fésbókinni og heimasíðu kirkjunnar. Allir velkomnir og eru hvattir til að taka með sér gesti.

FALLEGIR LEGSTEINAR

ERUM FLUTT

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði
Opíð 11-16
alla virka daga

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Er jeppinn rafmagnslaus ?

Veldu öruggt **TUDOR** start fyrir jeppann í vetur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

Æskulýðsdagur í Hallgrímskirkju

SUNNUDAGINN 5. MARS KL. 11:00.

SÝNING Á LISTAVERKUM ÚR ÆÐI-FLÆÐI

STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR SYNGUR

FJÁRSJÓÐSLEIT, REGNBOGALIST,

SÖNGUR OG BÆNIR.

ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN

Salon Nes í tíu ár á Austurströnd 12

- vel fagnað á liðnu hausti

Hársnyrtistofan Salon Nes á Austurströnd 12 á Seltjarnarnesi hélt upp á tíu ára starfsafmæli á Austurströnd 12 á síðast liðnu hausti. Salon Nes á sér þó lengri aldur. Stofan var stofnuð á Austurströnd 1 árið 1983. Iris keypti stofuna árið 2005 og var þar til 2012 að hún flutti á Austurströnd 12 og komst þar á jarðhæð. Hún fagnaði þessum tímamótum sunnudaginn 4. september á liðnu hausti og hélt upp á afmælisdaginn. „Við buðum fólki í kaffi og kökur til að fagna þessum áfanga. Við vorum líka með candyfloss og andlitsmálun og fengum fjölda gesta. Þetta heppnaðist vel og var mjög gaman,“ segir Iris í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Iris er ættuð af Skaganum. Fædd á Akranesi 1960 og ólst þar upp með foreldrum sínum fyrstu sjö ár ævinnar. Þá fluttist fjölskyldan til höfuðborgarinnar í eitt ár og þaðan á Látraströnd 12 á Seltjarnarnesi þar sem foreldrar hennar byggðu æskuheimili okkar. Þar sem hún segir að gott og gaman hafi verið að vera. Eftir 16 ár þar fluttist hún á Austurströnd 4 en býr nú við Eiðistorgið í göngufæri frá hársnyrtistofunni. „Ég get því sagt að ég sé löngu orðin meiri Seltirningur en Skagamaður. Allavega í mér.“ En af hverju varð hún hársnyrtir. „Ég fór á starfskynningu síðasta veturinn minn í Való. Þar var meðal annars verið að kynni hársnyrtifræðin og þar vaknaði áhugi minn á þeim. Þá var erfitt að komast í nám. Áhuginn á faginu var mikill en ég slapp inn.



Stóreflis afmælskaka var borin á borð ásamt margvíslegu góðgæti í tilefni tímamótanna.

Mig minnir að um 50 umsóknir hafi verið teknar inn af 150.“

Vil endurvekja Kolaportsstemningu á Eiðistorgi

Iris býr við Eiðistorg og starfar í göngufæri frá torginu. Hún hefur því mikinn áhuga á miðbæ Seltirninga. Hún segir of lítið um að fyrirtæki starfi í þessum þjónustukjarna. Sumt hafi komið og farið og oft stoppað stutt við. „Það vantar líf á torgið. Iris rifjar upp að fyrir nokkrum árum hafi verið sölustarfsemi á torginu á laugardögum um helgar. Þar hafi fólk getað sett upp litla sölubása eða söluborð og boðið ýmsa varning. Talsvert líf hafi orðið til í kringum þetta. Fólk komið við skoðað og



Iris Gústafsdóttir hársnyrtir.

verslað. „Ég myndi vilja finna leið til þess að endurvekja þetta í einhverri mynd. Búa til „Kolaportsstemningu“

á Eiðistorgi. Þetta á að vera hægt. Það þarf bara aðila til þess að hrinda því af stað. Torgið er dýrmætt en því miður illa nýtt. Þarna gæti myndast torgstemning fyrir Seltirninga og Vesturbæinga.

Hlakka til að vinna með dóttur minni

Iris snýr sér aftur að Salon Nes. Hún hefur starfað mikið ein á

stofunni en gerir ráð fyrir að dóttir hennar sem er að ljúka hársnyrtinámi núna í febrúar komi og starfi með henni að hluta. Ég hlakka til þessa samstarfs. Morguninn líður og Iris þarf að snúa sér að starfinu. Fyrsti viðskiptavinurinn er á leiðinni í hús.

„Það er svo gott að tala við einhvern sem hefur farið í gegnum svipaða reynslu“

Kolluna upp fyrir **ÖLL** sem berjast við **krabbamein** og **aðstandendur!**

lifidernuna.is **KRAFTUR**

BURSTAÐU HÚÐINA OG BYGGÐU ÞIG UPP FYRIR VORIÐ!



Óðinsgötu 1 101 Reykjavík systrasamlagi

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

@systrasamlagið
Sími: 511 6367

Hundrað daga hátíð í Grandaskóla



Myndin var tekin í Grandaskóla á dögunum þegar 100 dagar voru liðnir frá því sex ára börn í fyrsta bekk héldu upp á að hafa verið 100 daga í skólanum.

Börnin í fyrsta bekk Grandaskóla héldu upp á hundrað daga hátíðina en það þýðir að þau hafa verið 100 daga í skólanum 3. febrúar sl. börnin hafa verið að vinna á fjölbreyttan og skapandi hátt með töluna 100 eins og að byggja frjálst úr 100 kaplakubbum, búa til mynstur úr 100 skrautsteinum, læra að telja á 5 til 100 og 10 til 100 og velta fyrir sér hvernig þau yrðu 100 ára gömul. Það var ýmislegt sem þau vissu um gamalt fólk. Í morgun sungu börnin Krummavísu á samsöng og að honum loknum buðu þau foreldrum sínum í morgunkaffi. Hátíðin náði hámarki þegar börnin marseruðu um skólann með kennurum sínum með trommur og hristur og sungu „100 daga hátíð“ við mikla gleði allra í skólanum.



Margt var skoðað og gert í skólanum í tilefni af hátíðinni.

Hvatningarverðlaun í Vesturbæinn



Hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur voru veitt fyrir leikskólastarf í borginni á Degi leikskólans.

Leikskólarnir Grandaborg Gullborg og Ægisborg hlutu hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur fyrir samstarfsverkefnið Barnið sem fullgildur þátttakandi í lærdómssamfélagi. Verkefnið og viðurkenningarnar sem veittar voru hafa beina skírskotun í menntastefnu Reykjavíkurborgar og tengjast grundvallarþáttum hennar og leiðarljósum. Þetta er í sextánda sinn sem hvatningarverðlaun fyrir leikskólastarf eru veitt en þeim er ætlað að vekja athygli á því gróskumikla skóla- og frístundastarfi sem fram fer í leikskólum borgarinnar. Markmið verðlaunanna er að veita starfsfólki jákvæða hvatningu og viðhalda

og stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi. Verðlaunin eru viðurkenning fyrir vel unnin verk í þágu barna og staðfesting þess að starfið sé fyrirmynd annarra á því sviði sem um ræðir. Í dómnefnd sátu Alexandra Briem formaður, Ásta Björg Björgvinsdóttir, Helgi Áss Grétarsson og Guðný Maja Ríða fyrir hönd kjörinna fulltrúa. Einnig voru í dómnefnd voru þau Andrea Sigurjónsdóttir fulltrúi Félags leikskólakennara, Halldóra Guðmundsdóttir fulltrúi Stjórnenda leikskóla og Albína Hulda Pálsdóttir fulltrúi foreldra.

Tvö sækja um Hagaskóla

Tvær umsóknir bárust eftir að staða skólastjóra Hagaskóla var auglýst nýlega. Umsækjendur eru Hulda Hlín Magnúsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Ómar Örn Magnússon doktorsnemi við Menntavísindasvið. S. Ingibjörg Jóséfsdóttir, sem stýrt hefur skólanum frá árinu 2007 ákvað að segja starfi sínu lausu og lýkur hún störfum sem skólastjóri í lok mars næstkomandi. Í bréfi til foreldra sagði hún ákvörðunina taka mið af því að veita nýjum stjórnanda tækifæri til fullrar þátttöku í þeirri mikilvægu mótunarvinnu sem framundan væri. Hún segir yndisleg ár þar sem hún hafi verið í Hagaskóla og fylgst með börnunum dafna og blómstra. Hún sagði bjarta tíma framundan hjá Hagaskóla í bréfinu til foreldranna.



Hagaskóli.



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455



Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Netverslun:

systrasamlagid.is

Landsbankahúsið við Austurstræti

Nær 100 ára sögu banka- starfsemi í húsinu að ljúka

Innan tíðar mun Landsbankinn flytja starfsemi sína í nýjar höfuðstöðvar sem verið hafa í byggingu við Austurhöfn. Við það losnar mikið af húsnæði sem bankinn á eða hefur haft afnot af í Kvosinni. Merkt þeirra bygginga er Landsbankahúsið á horni Austurstrætis og Pósthússtrætis. Hús sem sett hefur mikinn svip á Miðborg Reykjavíkur allt frá því það var byggt. Ekki liggur fyrir hverjir munu eignast Landsbankahúsið eða til hvers það verður notað í framtíðinni. Með hliðsjón af sögu hússins og ekki síður af útliti þess og stílmynd í miðju Miðborgarinnar má ljóst vera að vanda þarf til vals og verka þegar kemur til þess að veita því nýtt hlutverk.

Sögu Landsbankahússins má rekja aftur til ársins 1922. Stjórn Landsbankans hafði ákveðið haustið 1921 að kaupa lóð og hús að Austurstræti 11 og reisa þar nýja bankabyggingu. Byggingin skyldi verða reist úr rústum eldri bankabyggingar sem hafi farið illa í bruna. Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins var fenginn til þess að teikna húsið. Við endurbyggingu Austurstrætis 11 var ákveðið að nýta það sem eftir stóð af hlöðnum útveggjum eldra hússins eftir brunann. Húsið var lengt til vesturs um fjögur gluggabil og einni hæð bætt ofan á það. Bygging hins nýja húss var boðin út í ákvæðisvinnu vorið 1922. Vel var að verki unnið og var húsið fókelt þegar um haustið. Starfsemi Landsbankans var flutt í húsið fyrsta mars 1924.

Hóf fyrst starfsemi í Stelluhúsinu

Saga Landsbankans er þó nokkuð eldri. Bankinn hóf starfsemi árið 1886 í Bankastræti í húsi sem lengi hefur verið kennt við verslunina Stellu. Tlkoma bankastarfsmennar mun hafa

orðið til þess að nafninu Bakarabrekku var breytt í Bankastræti. Bankinn flutti í Austurstræti 11 árið 1898. Þá hafði verið reist hús yfir bankann í svonefndum nýendurreisnarstíl. Gamla Landsbankahúsið skemmdist mikið í miðbæjarbrunum vorið 1915. Þá keypti landsstjórnin það sem eftir stóð af húsinu. Þak var sett ofan á veggina og húsið nýtt sem vörugæmsla á stríðsárunum 1914 til 1918. Til umræðu kom að byggja hús fyrir Landsímamann á lóðinni en af því varð ekki. Starfsemi Landsbankans var um tíma flutt í Austurstæri 16. Húsi sem byggt var fyrir forgöngu Natan Olsen og hefur lengst af gengið undir nafninu Reykjavíkurapótek eftir að apótek fluttist þangað 1929. Rætt var um að byggja yfir Landsbankann á Arnarhólstúninu en sú hugmynd náði aldrei athygli. Fráleitt þótt að færa bankann úr miðbænum út á Arnarhólstún og lýsir það hugsunarhætti fólks í hinum unga bæ sem enn var varla meira en þorp. Haustið 1921 var ákveðið sem fyrr segir að kaupa aftur lóðina við Austurstræti 11 og reisa þar nýja bankabyggingu úr rústum hinnar eldri.

Guðjón og Gunnlaugur

Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins teiknaði húsið og mikið var lagt í byggingu þess. Alla umgjörð sem innréttingar auk þess sem verk þekktra listamanna voru sett upp til þess að prýða rými og vistarverur. Umsvif bankans jukust stöðugt um áratug síðar varð ljóst að hún rúmaðist ekki innan veggja þess. Bæta þurfti við. Vorið 1934 var ákveðið að byggja við Austurstræti 11. Efndi Landsbankinn til samkeppni um teikningar af væntanlegri sambyggingu milli Landsbankahússins og Ingólfshvols sem þá stóð á



Hús Landsbankans við Austurstræti 11.

horni Hafnarstrætis og Pósthússtrætis og var síðar rífið. Gunnlaugur Halldórsson arkitekt bar sigur úr báttum og var fenginn til að útfæra hugmyndir sína nánar. Ein þeirra var að rífa Ingólfshvol sem sem stóð við Hafnarstræti til að rýma til fyrir viðbyggingu. Á þeim tíma þótti slíkt ótækt þótt það væri gert síðar. Reist var minni tveggja hæða millibyggingu í sundinu á milli Landsbankahússins og Ingólfshvols auk þess að taka hluta af Ingólfshvoli undir starf-

semi bankans. Gert var ráð fyrir að Ingólfshvoll yrði rifinn síðar og bankaviðbyggingunni lokið í þeirri mynd sem samkeppnistillagan sýndi og síðar varð. Þessi fyrsta viðbygging við Landsbankahúsið var tilbúin árið 1940. Hún varð ekki óumdeild og þótti stinga verulega í stúf við heildarútlit hússins. Árið 1970 var Ingólfshvoll rifinn og Landsbankahúsið stækka í þá mynd sem það er í dag.



Bleikur dagur í Landsbankanum 17. október 2014. Á bak við fólkið má sjá eitt af þeim málverkum sem prýða afgangslusal bankans.



Ys og þys hafa einkennt Austurstræti í gegnum tíðina. Hér má sá inn í götuna til vesturs. Landsbankahúsið er fyrir miðri mynd til hægri.

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði**VALHÖLL**
FASTEIGNASALA
STOFNUD 1995

Ingólfur Geir Gissurarson
Frakkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali, leigumíðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur
fasteignasali B.Sc.
693 3356
heidar@valholl.is



Hildur Harðardóttir
Löggiltur fasteignasali,
fasteignasali, skjalagerð
897 1339
hildur@valholl.is



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is



Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
588 4477
ritari@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Lista og innanhús Stílisti
892 8778
anna@valholl.is



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is



Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Framúrskarandi
fyrirtæki**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð****Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala
sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!**

Indican á Hagamelnum



Indican er á Hagamelnum á horninu á Hagamel og Kaplaskjólsvogi.

Veitingastaðurinn Indican opnaði fyrir liðin áramót veitingastað við Hagamel þar sem Plúto Pizza var áður, þar áður fiskbúð og bókaverslunin Úlfarsfell á fyrri tíð. Útibú veitingastaðarins Indican í Mathöll Höfða lokaði í mars síðastliðnum og fóru eigendur að leita að nýjum stað.

Indican við Hagamel er einknum hverfisstaður hugsaður til að þjóna einkum Vesturbæingum og Seltirningum og þeim sem þar búa. Nýir réttir eru á matseðlinum og ný staðsetning opnar fjölda möguleika. Rúm er fyrir þennan mat á markaðnum og því tækifæri í framtíðinni en til að gera meira.

Hlemmur

Vetrarhlé en framkvæmdum miðar vel

Vetrarhlé stendur yfir á framkvæmdum umhverfis Hlemm eða annars vegar á Rauðarárstíg norður og hins vegar frá Hlemmi að Snorrabraut. Vinnu við fráveitu og vatnsveitu að mestu lokið í Rauðarárstíg og búið að fylla aftur upp í skurði. Stefnt er að því hefja vinnu aftur við Rauðarárstíg um mánaðamót febrúar og mars.

Við Laugaveg er lagningu fráveitu að mestu lokið, einnig er búið að steypa undirstöður fyrir stálstrúktur um miðbik götunnar. Næstu verkliðir þar eru lagning hitaveitu og rafmagns. Stálstrúkturinn tengist blágrænum ofanvatnslausnum á svæðinu en þeim er ætlað að létta á veitukerfi borgarinnar. Regnvatn mun nýtast í gróðurbeðunum og minnka álag á veitukerfið á svæðinu. Þannig nýtist regnvatnið og verkefnið verður sjálfbært. Gert er ráð fyrir að Hlemmtorg geti kallast á við Lækjartorg. Gert er ráð fyrir að koma upp sviði á Hlemmtorgi þannig fyrir að Hlemmur geti orðið upphafsstaður skráðganga í miðbænum sem myndu svo enda



Framkvæmdir við Hlemm eru í vetrarhléi en óvenju snjóþungt hefur verið að sem af er ári. Vinna mun hefjast að nýju í byrjun mars.

á Lækjartorgi, Austurvelli eða Ingólfstorgi. Sennilega verður hægt að ráðast í framkvæmdir á sjálfu Hlemmtorgi árið 2024 en framkvæmdum mun endanlega ljúka þegar Borgarlínan rennur í gegnum svæðið.

Erum að taka upp nýjar vörur VOR 2023



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Erlingur Guðleifsson til starfa hjá Sjávarklasnum

Erlingur Guðleifsson hefur verið ráðinn til starfa til að efla miðlun vísinda- og tækniþekkingar frá Íslandi til Alaska á sviði sjávarútvegs, orkumála og nýsköpunar. Erlingur hefur verið hluti af ráðgjafateymi Sjávarklasans frá árinu 2018 og í hans nýja starfi mun hann hafa aðsetur í Húsi sjávarklasans í Örfirisey. Erlingur hefur viðtæka reynslu og þekkingu á sviði fullnýtingar sjávarafurða og nýsköpunar.

Sjávarklasinn hefur um árabíl átt náið samstarf við Alaskafylki í Bandaríkjunum en einn fyrsti dótturklasi Sjávarklasans, sem settur var upp utan Íslands, var einmitt Alaska Ocean Cluster. Árið 2019 undirrituðu Íslenski sjávarklasinn og þáverandi stjórnandi Alaska Ocean Cluster, Justin Sternberg, undir viljayfirlýsingu um frekara samstarf milli þessara klasa. Það hefur leitt til þessa samstarfs. UAF er fyrsti bandaríski háskólinn sem formlega hefur störf innan veggja Íslenska sjávarklasans. Háskólinn í Alaska Fairbanks er mjög framarlega



Erlingur Guðleifsson mun vinna að orkumálum og styrkingu bláa hagkerfisins.

á sviði norðurslóðarannsóknar, sjávarlíffræði og þróun orkuinnviða fyrir dreifbýl svæði. Með ráðningunni hyggst UAF styrkja sig enn frekar á sviði orkumála og málefnum bláa hagkerfisins.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

„Takk fyrir að sýna okkur að krabbamein er ekki dauðadómur“

Kolluna upp fyrir Huldu!

lifidernuna.is KRAFTUR K

Gauti Guðmundsson keppti á HM

Gauti Guðmundsson skíðamaður úr KR keppti á Heimsmeistaramótinu í alpagreinum sem fór fram í Courchevel Meribel í Frakklandi um miðjan febrúar.

Keppti hann í svigi og stórsvigi. Í stórsvigi endaði hann í 45. sæti af þeim 100 keppendum sem hófu keppni.

Í svigi Gauta endaði hann að lokum í 70. sæti eftir að hann hlekkstist snemma á í brekkunni.

Frábær fulltrúi KR segir á heimsíðu félagsins.



Gauti Guðmundsson í keppni.

KR taekwondo á Reykjavíkur-leikunum

Í lok janúar fór fram keppni í kyorugi (bardaga) í taekwondo á Reykjavíkurleikunum í Laugardalshöll.

KRingar áttu þrjá fulltrúa sem stóðu sig öll með mestu þrýði, undir stjórn Maríu Bragadóttur þjálfara. Guðmundur Flóki Sigurjónsson sigraði í junior flokki -63 kg, Christian Eyjólfur Mba hlaut 3. sæti í cadet flokki -57 kg, og Bryndís Eir Sigurjónsdóttir sigraði í cadet-flokki -43 kg.



Tekist á í taekwondo.

A-lið KR varð í 2. sæti í 1. deild karla

A-lið KR varð í 2. sæti í 1. deild karla en síðasti leikdagur í deildinni var laugardagurinn 11. febrúar. Leikið var í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.

Fyrir síðasta leikdaginn var KR-A einu stigi á eftir BH-A á toppi deildarinnar, en liðin mættust einmitt í fyrri leik dagsins. Eftir jafnan og spennandi leik varð niðurstaðan 5-5 jafntefli. Bæði liðin unnu síðan leik sinn í síðustu umferðinni og deildarmeistaratiillinn fór til BH í Hafnarfirði. Í síðustu umferðinni vann KR-A Víking-B 6-0.

Þessi lið taka þátt í úrslitakeppninni í vor, þar sem KR-A mætir BH-B í undanúrslitum. BH-A mætir annað hvort Víkingi-A eða HK-A.



Á myndinni má sjá leikmenn KR-A í leikjunum 11. febrúar, þá Gest Gunnarsson, Ellert Kristján Georgsson og Norbert Bedo. Auk þeirra léku þeir Davíð Jónsson og Ingólfur Sveinn Ingólfsson með liðinu í vetur.

Borðtennis

Aldís, Anna og Guðrún Íslandsmeistarar í öðlingaflokki



Anna Sigurbjörnsdóttir varð Íslandsmeistari í einliðaleik kvenna 50-59 ára á Íslandsmóti öldunga í borðtennis, sem fram fór í TBR-húsinu laugardaginn 18. febrúar.

Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún Ólafsdóttir sigruðu í tvíliðaleik kvenna 40 ára og eldri á mótinu. Þetta var fyrsti Íslandsmeistaratiill Guðrúnar í borðtennis.

Anna varð auk þess í 2. sæti í tvíliðaleik kvenna, þar sem hún lék með Guðrúnu Gestsdóttur, og í 3. sæti í tvenndarleik, þar sem hún lék með Hannesi Guðrúnarsyni.

Guðrún Gestsdóttir varð auk þess í 2. sæti í einliðaleik kvenna 50-59 ára og í 2. sæti í tvenndarleik, með Guðmundi Halldórssyni og fór því heim með þrenn silfurverðlaun.

Guðrún Ólafsdóttir varð í 3. sæti í einliðaleik 50-59 ára og í 4. sæti í tvenndarleik, þar sem hún spilaði með Jóni Hanssyni.

Jón Hansson varð í 3.-4. sæti í einliðaleik karla 40-49 ára á sínu fyrsta Íslandsmóti öldunga.

Guðmundur Halldórsson varð í 3. sæti í einliðaleik 60-69 ára.

Á myndinni má sjá KR-konurnar fjórar sem unnu titla og verðlaun á mótinu.



www.kr.is



FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri



TAKK ÉG

Þú munt þakka þér fyrir sparnaðinn

